


Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029
Hvammsvík frístundasvæði



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTUR 1:50 000

Greinargerð

Hreppsnæfnd Kjósarhrepps leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017 – 2029 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting er gerð bæði á uppdrætti og greinargerð. Frístundasvæði F21 er stækkað og lóðum fjölgað. Efnistökusvæði E13 fellt út. Markmið með breytingunni er að auka framboð lóða fyrir frístundahús til þess að svara eftirspurn eftir lóðum á svæðinu.

Forsendur

Í Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017 – 2029 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og einnig sem efnistökusvæði. Svæðið mun verða frístundasvæði. Helstu vistgerðir á svæðinu samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru hraungambravist, língresis- og vingulsvist, grasengjavist, stinnastaravist, snarrótarvist, starungsmýravist og skógrækt. Ekki eru skráðar minjar innan svæðisins. Finnist áður óþekktar fornminjar skal stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem falla undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.


Í stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi segir að svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði ekki tekið til annarrar landnýtingar sem takmarki matvælaframleiðslu til framtíðar. Svæðið sem breytt verður í frístundasvæði er í flokki III og IX og að því leiti er því breytingin í samræmi við stefnu aðalskipulagsins.

Breyting á greinargerð

Greinargerð fyrir breytingu

Fellt er út efnistökusvæðið E13 – Hvammsvík úr töflu í kafla 2.3.10 Efnistöku- og losunarsvæði (E).

EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI					
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m³	Flokkur framkvæmda skv. lögum 106/2000 m.s.br.	Stærð í ha (allt að ..)
E13	Hvammsvík	Setnáma – malarhjalli /möl	5.000	C	1



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTUR 1:50.000

Tafla í kafla 2.2.2 Frístundabyggð (F)

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F21	Hvammur/Hvammsvík	Í gildi er deiliskipulag en unnið er að nýju skipulagi þar sem eru allt að 60 lóðir. Á svæðinu er 1 hús. Svæðið er um 23 ha.

Greinargerð eftir breytingu

Tafla í kafla 2.2.2 Frístundabyggð (F)

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F21	Hvammur/Hvammsvík	Í gildi er deiliskipulag en unnið er að nýju skipulagi þar sem eru allt að 40 lóðir. Á svæðinu er 1 hús. Svæðið eru um 38 ha.

Bætt er við dálkum fyrir VB26 og VB27 í töflu í kafla 2.7.4 Brunnsvæði.

BRUNNSVÆÐI		
Nr.	Heiti	Lýsing
VB26	Hvammur	Þjónar frístundarsvæði Hvamms/Hvammsvík. Stærð vatnsbóls er 0,3 ha.
VB27	Hvammur/Hvammsvík	Þjónar frístundarsvæði Hvamms/Hvammsvík. Stærð vatnsbóls er 0,1 ha.

Umhverfisáhrif

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Áhrif á landnotkun eru metin óveruleg þar sem verið er að stækka núverandi frístundabyggð, vegtengingar, vegir og veitur eru þegar við svæðið og er því verið að nota núverandi innvið. Gott landbúnaðarland mun ekki skerðast. Áhrifin eru metin óveruleg.

Breyting eftir auglýsingu

Vatnsbólum VB26 og VB27 bætt inn á uppdrátt og einnig bætt við dálkum í töflu í greinargerð í kafla 2.7.4.

SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- Íbúðarbyggð
- Frístundabyggð
- Verslun- og þjónusta
- Opin svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Lönaðarsvæði
- Efnistökusvæði
- Kirkjugarður / Heimagrafreitur

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Reiðhjólaleiðir
- Háspennulína 220 kV
- Rafstrengur
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Vatnsveita

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN


- Friðlýst svæði
- Svæði á náttúruminjasvæði
- Hverfisvernd
- Friðlýstar fornminjar
- Fornminjar undir hverfisvernd
- Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Landbúnaðarland, flokkur I og II
- Birkiskógar og birkikjarr
- Sveitarfélagamörk
- Svæði skipulagsbreytingar



Kjósarhreppur



AÐALSKIPULAG KJÓSARHREPPS 2017-2029

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 1. mgr. 36.

gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- umhverfis- og

samgöngunefnd þann 26.október 2023

og í sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 1. nóvember 2023



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann

8. febr. 2024



EFLA

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029

Hvammsvík frístundasvæði

VERK:	BLADSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
100313-04	A3	MMR	AB
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:50.000	12.01.2023	23.10.2023	
SAMÞYKKT:			